

## Kennsluáætlun skólaárið 2020-2021

Fag: Textíl

Bekkur: 4. bekkur

Kennari: Sigurborg Svala Guðmundsdóttir

Vika	Viðfangsefni	Námsefni	Kennsluaðferðir	Tenging við hæfniviðmið	Námsmat
<b>Vika 1</b>	Innlögn á verkefnum. <b>Verkefni:</b> bangsi eða önnur fígúra, prjón, aukaverkefni. Nemendur teikna sinn bangsa eða fígúru sjálfir, klippa út snið í pappír, snið lagt á efni og klippt út úr efni.	Ýmsar handverksbækur, fagtímarit, Hannyrðir í 3-6.bekk, Á prjónunum og fjölrítað efni frá kennara.	Verkefni lögð inn fyrir hóp, vinnuferlið útskýrt og fylgt eftir með einstaklingskennslu. Hver og einn vinnur á sínum hraða. Brýnt er fyrir nemendum að temja sér vönduð vinnubrögð, góðan frágang verkefna og að nemendur noti rétt áhöld við vinnu sína og umgangist þau af alúð.	Nemandi geti: -notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum -unnið úr nokkrum gerðum textílefna -unnið eftir einföldum leiðbeiningum -tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu -Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt -gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni -leitað að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum -sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt -sagt frá nokkrum tegundum textílefna -fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna -notað ný og endurunnin efni í textíl	Lagt verður mat á vinnu nemenda jafnt og þétt yfir tímabilið, símat. Eftirtalin atriði verða lögð til grundvallar við námsmat: hegðun, umgengni, vinnusemi, færni og góður frágangur verkefna.
<b>Vika 2</b>	Sauma saman bangsa eða fígúru. Búið til andlit.				
<b>Vika 3</b>	Haldið áfram í verkefnavinnu				
<b>Vika 4</b>	<i>Prjónaverkefni:</i> Nemendur velja að prjóna lítið stykki á bangsa eða fígúru.				
<b>Vika 5</b>	Haldið áfram í verkefnavinnu. Ef tími vinnst til þá eru aukaverkefni í boði				
<b>Vika 6</b>	Frágangur verkefna og lok lotu				